



Varðandi: Styrkir til greiðslu fasteignaskatts v/aðila með starfsemi í menningar-, íþróttá-, æskulýðs-, tómstunda- eða mannúðarmálum.

Málsnúmer: 1604165

Dagsetning: 28. september 2016

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að veita styrk í samræmi við reglur Akraneskaupstaðar um styrki til greiðslu fasteignaskatts samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 til eftirtalda félaga:

- Akur frímúrarastúka samtals kr. 571.176
- KFUM og KFUK samtals kr. 531.729
- Oddfellow samtals kr. 469.586
- Skátafélag Akraness samtals kr. 258.299
- Rauði Krossinn samtals kr. 119.963
- Hestamannafélagið Dreyri samtals kr. 207.828

Bæjarráð hafnar umsóknum eftirtalda félaga:

- Golfklúbburinn Leynir á grundvelli e-liðar 2. gr. og 3. gr. reglnanna, en rekstarsamningur er milli Akraneskaupstaðar og Golfklúbbsins.

Heildarfjárhæðinni, samtals kr. 2.158.582, verður ráðstafað af liðnum 20830-5946, önnur framlög en þau félög sem eiga rétt á úthlutun fá styrk sem nemur 65,5% af fasteignaskatti C.

GREINARGERÐ:

Í byrjun september var opnað fyrir umsóknir til styrkja á fasteignaskatti aðila með starfsemi á sviði menningar-, íþróttá-, æskulýðs-, tómstunda- eða mannúðamála og eru rekin í almannabágu eða æskulýðs. Umsóknarfrestur var til og með 18. september sl. Alls bárust 7 umsóknir. Til þess að fá úthlutað styrk þarf aðili að uppfylla skilyrði a.-f. liðar 2. gr. reglna



Akraneskaupstaðar sem og 3. gr. Styrkur til greiðslu fasteignaskatts skal nema allt að 78% af fasteignaskatti C. Fasteignaskattur A og lóðaleiga er óskert.

Þau félög sem eiga rétt á úthlutun

Akur frímúrarastúka, KFUM og KFUK, Oddfellow, Skátafélag Akraness, Rauði Krossinn og Hestamannafélagið Dreyri uppfylla öll skilyrði sem reglurnar kveða á um. Þau eru fasteignaeigendur á Akranesi, reka starfsemi sína í húsnæðinu, eru öll á sviði menningar, íþróttar, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstarfa og hafa það að megin stefnu að starfsemin sé unnin í sjálfböðavinnu. Félögin njóta ekki rekstrarstyrkja frá Akraneskaupstað eða ígildi þeirra og ná tekjur af húsnæði ekki upp fyrir gjöld húsnæðis.

Þau félög sem eiga ekki rétt á úthlutun

Golfklúbburinn Leynir uppfyllir ekki skilyrði e-liðar 2. gr. en þar segir að „njóti starfsemin annarra rekstrarstyrkja eða ígildi þeirra, skal tekið tillit til þess við úthlutun styrkja til greiðslu fasteignaskatts“. Rekstrarsamningur við Akraneskaupstað er í gildi og nam hann á síðasta ári rúmlega 8 mkr.

Með vísan til framanritaðs gerir sviðsstjóri ofangreinda tillögu.

Steinar Adolfsson

sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs